

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um jöfnunarframlög
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla nr. 351/2002.**

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Framlög vegna nýbúafræðslu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal greiða öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg framlög til nýbúafræðslu á grunnskólastigi þar sem um slika fræðslu er að ræða.

Á grundvelli samnings milli Menntamálastofnunar, Jöfnunarsjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga skal Menntamálastofnun annast upplýsingaöflun vegna útreiknings framlagsins og láta í té kennsluráðgjöf fyrir sveitarfélög utan Reykjavíkurborgar.

Í lok hvers skólaárs skal Menntamálastofnun senda Jöfnunarsjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga samantekt um helstu verkefni sem stofnunin hefur sinnt á grundvelli samnings, sbr. 2. mgr.

Jöfnunarsjóður skal fyrir hvert fjárhagsár gera áætlun um heildarframlög samkvæmt grein þessari. Hlutdeild hvers sveitarfélags í framlaginu tekur mið af þeim nemendafjölda sem Menntamálastofnun upplýsir að njóti íslenskukennumslu í sveitarfélagi og eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs skal setja vinnureglur um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Innanríkisráðuneytinu, 16. febrúar 2017.

Jón Gunnarsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. mars 2017